


DAGSKRÁ

SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR

15. - 18. ÁGÚST

# Fjölskyldudagar 2013



*Sól slær silfri á Vogu*





## Inngangur

Fjölskyldudagar Sveitarfélagsins Voga verða haldnir hátíðlegir 15.-18. ágúst. Hátíðin verður stútfull af skemmtilegri fjölskyldudagskrá. Fjölskyldudagar eru kjörð tækifæri fyrir fjölskyldur og vini til að eiga góðar samverustundir og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

## Fimmtudagur 15. ágúst

**9:00 – 19:00 Fjölskyldudagsgolfmót** Sveitarfélagið Vogar og Golfklúbbur Vatnsleysustrandar halda 9 holu golfmót í tengslum við Fjölskyldudaginn. Spilað verður Texas scramble (tveir saman í liði), samanlögð forgjöf liðs deilt með 3 verður leikforgjöf liðsins. Hámarks leikforgjöf karla 36 og kvenna 36.

Rástímar verða frá kl. 9:00 til kl. 19:00 fimmtudaginn 15. ágúst og geta liðin valið rástíma innan þessara tímamarka.

Skráning í golfskála í síma: 424-6529 eða á netfangið: golfskali@simnet.is

Golfmótíð er einnig hluti af hverfaleikum Þróttar og því skal hvert hverfi senda eitt lið til keppni.

## Hverfaganga

Hverfagan mun hefjast í græna hverfinu. Lagt verður af stað kl. 19:30. Græna hverfið mun síðan ganga að rauða hverfinu og síðan að gula hverfinu. Gangan endar í Aragerði þar sem hverfaleikarnir fara fram. UMFÞ mun stjórna hverfaleikum. **Vonumst til að sem flestir taki þátt í göngunni og mæti í sínum hverfalit.**

### Græna hverfið

Suðurgata, Brekkugata, Hvammsdalur, Hvammsgata, Leirdalur, Fagridalur, Miðdalur, Heiðardalur, Lyngdalur og Iðndalur.

**Mæting** við gatnamótin á Leirdal/Stapaveg.

#### Hverfakóngur :

Ívar Júlíusson s: 899-2528.

Pylsugrill á laugardegi á mótum Leirdals og Fagradals.



## Föstudagur 16. ágúst

**20:00 Íbúar koma saman í hverfum**, grilla og leggja lokahönd á skreytingar.

**21:30 Varðeldur í fjörunni** neðan við Stóru-Voga í umsjón Smábátafélagsins og Björgunarveitarinnar Skyggis í Vogum. Trúbadorinn Heiður leiðir sönginn. Sykurpúðar í boði fyrir foreldra til að grilla fyrir yngri kynslóðina.

### Rauða hverfið

Vogagerði, Akurgerði, Aragerði, Hofgerði, Kirkjugerði, Heiðargerði, Ægisgata og Tjarnargata. **Mæting** við gatnamótin á Vogagerði/ Ægisgötu.

### Gula hverfið

Vatnsleysuströndin, Hafnargata, Mýrargata, Marargata, Hólagata, Austurgata og Egilsgata. **Mæting** við gatnamótin á Hafnargötu/ Austurgötu.

#### Hverfadrottning :

Sandra Helgadóttir s: 866-1400.

Pylsugrill á laugardegi við Vogagerði 17.



## Laugardagur 17. ágúst

**10:00 Hverfaleikar Þróttar Þríbraut.** Við íþróttamiðstöð. Hverfin keppa í sundi, hlaupi og hjólreiðum.

**10:00-17:00 Ljósmyndasýningar í Álfagerði.** Dósla – Hjördís Bergsdóttir sýnir verkið „Frá hálf sjö til 09:00“ og Sveinn V Steingrímsson sýnir ljósmyndir af samspili skýja og sólarljóss.

**11:00 Línuhlaup Þróttar 10 km hlaup.** Skráning inni á hlaup.is. Ræst verður frá sviði við hátíðarsvæði.

**11:45 Kassabílarally.** Keppt verður í yngri (10 ára og yngri) og eldri hóp (11 ára og eldri). Keppnin fer fram á planinu við Stóru-Vogaskóla og er í umsjón Lionsklúbbsins Keilis og Brautarinnar, bindindisfélags ökumanna. Verðlaun verða veitt fyrir hraðskreiðasta og flottasta bílinn í hvorum flokki. Allir þátttakendur fá verðlaunapening. Skráning er enn í gangi í N1.

**12:00 – 17:00 Opið hús í Hlöðunni.** Laura Arena og Veraldarvinir bjóða gestum upp á leiki, listviðburði, gjörninga, tónlist, alþjóðlegan mat o.fl

**12:45 Ökuleikni** Keppt verður í kvenna og karlaflokki. Keppnin fer fram á planinu við Stóru-Vogaskóla. Skráning er enn í gangi í afgreiðslu íþróttamiðstöðvar. Sími 440-6220.

**13:00 Hverfaleikar Þróttar Boccia.** Keppt verður í íþróttasal íþróttamiðstöðvar.

**13:00 – 16:00 Handverksmarkaður í Lionshúsi**, skráning hjá Ingu Rut s: 694-3089 og er þátttaka ókeypis.

**13:30 Hópakstur fornbíla** og annarra tækja fer frá tjalðsvæði.

**14:00-17:00 OPNUN Á SVÆÐI Í ARAGERÐI.** Kynnir verður Magnús Jón Björgvinsson. Leiktæki frá Hopp og Skopp einnig verður hoppukastali



frá Landsbankanum. Slökkviliðið mætir á staðinn, Stórglæsileg bílasýning á Hábjartúni. Vélavinir Vogum verða með ókeypis lestarferðir fyrir yngri kynslóðina á Hábjartúni. Kvenfélagið Fjóla verður með kakó, kaffi og vöflusölu. UMFÞ verður með sjoppu á staðnum. Andlitsmálning og blöðrudýr í boði Lionsklúbbsins Keilis og Kvenfélagsins Fjólu. Paintball/litbolti verður á gamla tjalðsvæðinu. 15:30-16:30 Teymt undir börnum á Hábjartúni.

**14:00 Oddur Ragnar Þórðarson, forseti bæjastjórnar flytur ávarp.** Bergur Viðar Guðbjörnsson, formaður umhverfis- og skipulagsnefndar afhendir umhverfisverðlaun. (á sviði)

**14:15 Verðlaunaafhending** fyrir ökuleikni og kassabílarally. (á sviði)

**14:30 Brúðubíllinn.** Lilli api og félagar mæta hressir og kátir.

**15:00 Lalli töframaður** sýnir ótrúlegar kúnstir (á sviði)

**15:40 Söngkeppni Fjölskyldudagsins** – Fyrir alla (á sviði). Ef næg þátttaka verður. Skráning í afgreiðslu íþróttamiðstöðvar. Frekari upplýsingar í síma 440-6224.

**16:00 Sápuboltamót Jóns Sterka.** Keppt í tveimur flokkum, 14 ára og yngri / 15 ára og eldri. Skráning er enn í gangi í afgreiðslu íþróttamiðstöðvar. Sigurlið fá pizzuveislu frá Jóni Sterka.

**16:15 Fjárjóðsleit Sprota** fyrir 8 ára og yngri. Mæting við fánastöng í Aragerði. Sproti afhendir glaðning frá Landsbankanum.

**17:00 Karamelluflug.** Góa gefur karamellur.

## Kvölddagskrá

**19:00 Hverfagrill**

**19:30 Hverfaganga**, allir að mæta í sínum hverfalit

**Hverfaleikar**

**Verðlaunaafhending** fyrir hverfaleika og skreytingar.

**Klassart**

**Regína Ósk**

**Gylfi Ægisson**

**Magni**

**23:00 Flugeldasýning.** Skyggir sér að vanda um stórglæsilega flugeldasýningu.

## Sunnudagur 18. ágúst

**10:00-17:00 Ljósmyndasýningar í Álfagerði.** Dósla – Hjördís Bergsdóttir sýnir verkið „Frá hálf sjö til 09:00“ og Sveinn V Steingrímsson sýnir ljósmyndir af samspili skýja og sólarljóss. Sýning Sveins verður einnig opin í Álfagerði dagana 19. – 21. ágúst frá kl. 14:00 – 17:00.

**11:00 – 14:00 Opið hús í Hlöðunni.** Laura Arena og Veraldarvinir bjóða gestum upp á leiki, listviðburði, gjörninga, tónlist, alþjóðlegan mat o.fl.

**13:00-16:00 Fjölskyldudorgveiði.** Öll börn verða að vera í fylgd með fullorðnum á bryggjunni. Þeir sem eiga björgunarvesti eru beðnir um að mæta í þeim. Allir þátttakendur fá verðlaunapening í boði Motus. Grillaðar pylsur, Gylfi Ægis tekur nokkur lög.

**16:00 Náttúru- og söguganga úr Vogum í Brunnastaðahverfið** undir leiðsögn Þorvaldar Arnar Árnasonar. Lagt upp frá bryggjunni.

Athugið ! Aðgangur að öllum viðburðum á sunnudegi er ókeypis